21. mars 2024

Til þingfulltrúa og framkvæmdastjóra sveitarfélaga

# Ársþing Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra 2024

Stjórn SSNE boðar hér með til ársþings 2024 sem haldið verður á Sel – Hótel Mývatn 18.-19. apríl næstkomandi. Skráning opnar kl. 10.00, en þingið verður sett kl. 10:15.
Gert er ráð fyrir að þingstörfum ljúki kl. 12 á hádegi þann 19. apríl.

Drög að dagskrá þingsins má finna inn á heimasíðu SSNE. Endanleg dagskrá ásamt þinggögnum verður send út þegar nær dregur eða í síðasta lagi 10 dögum fyrir þingið, en dagskrá og þinggögn verða einnig aðgengileg á heimasíðu SSNE.

Ef þú **munt mæta** á þingið þá viljum við biðja þig að skrá þig til leiks með því að smella hér, þ.e. hafir þú ekki gert það nú þegar. Ef þú sérð fram að geta **ekki mætt** þá biðjum við þig um að sjá til þess að varafulltrúi þinn sé boðaður til að tryggja lögmæti þingsins.

Við viljum einnig minna á að þingið er opið öllum þó aðeins þingfulltrúar hafi rétt til greiðslu atkvæða og viljum við sérstaklega hvetja allt sveitarstjórnarfólk í landshlutanum til að mæta. Á þinginu verður m.a. vinna við nýja Sóknaráætlun landshlutans sett af stað og má, eins og alltaf, búast við áhugaverðum og gagnlegum samtölum á þinginu.

Þeir þingfulltrúar sem þurfa gistingu eru hvattir til að panta á Sel-Hótel Mývatn. Senda skal tölvupóst á netfangið asdis@myvatn.is til að bóka og vísa til þess að bókunin sé í tengslum við ársþing SSNE.

Ef einhverjar spurningar vakna þá hikið ekki við að hafa samband!

**Þinggöng**
Gögn þingsins verða birt hér þegar nær dregur.

Fyrir hönd SSNE,
Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
Framkvæmdastjóri